

NÝR

Hafnarpóstur



4. tbl. 2. árg. maí 1986

FRÁ RITSTJÓRN

Þegar þetta blað liggur í hendi þinni, nýfætt og ilmandi er geislavirkinn í andrúmsloftinu vonandi í rénum og þú farin að að geta drukkíð mjólkina þína án vangaveltna um hlutverk þitt í eilífðinni. Kannski skín sólin og þú strýkur yfir sólbrennda öxlina með leyndardómsfullu brosi, minnst ævintýra karnivalsins eða lætur þig dreyma um viðburði komandi sumars. Þetta blað er þó engin auðmelt næring fyrir fislétta framtíðardrauma - nema ef vera kynni draumurinn um ÚTVARP KAUPMANNAHÖFN, þar sem þíðar raddir á hinu ástkæra ylhýra hvísla þér orð í eyra, hvetja þig til dáða og styrkja þig í útleigðinni. Húsnæðismálin er annar veruleiki - nánast martröð - allra þeirra sem annars vegar þurfa að horfast í augu við lífsbaráttuna heima eða þraka enn í einkarýmiinu í leiguhúsnæði hjá danskinum. Útvarpsmál og húsnæðismál eru þema þessa blaðs - og verða vonandi einhverjum uppspretta betri hugrenninga í draumi eða vöku. Hvað um það - við í ritstjórn látum okkur dreyma - eins og Martin Luther í den tíð - um blóm í haga og betri tíð og höfum gefið okkur tíma til að endurmeta okkar vinnubrögð á s.l. vetri. Batnandi manni er best að lifa.

Ástæða hefur verið til að við stöldruðum við og veltum fyrir okkur hvaða blað við erum að gera, fyrir hvern, um hvað - hvert er hlutverk blaðsins, hlutverk okkar? Fyrir utan daglegan rekstur blaðsins er líka nauðsynlegt að við litum fram á við í stað þess að festa augun á nefbroddinum. Velheppnuð verkaskipting sparar tíma, sem hægt er að nota til aðurnefndra vangaveltna. Hér á eftir drögum við lauslega upp verksvið þau sem tengjast blaðinu okkar. Ef eitthvert þeirra skyldi freista þín er þér velkomið að hringja í starfsfólk blaðsins.

AUGLÝSINGASAFNARI sér um að blikka hugsanlega auglýsendur heima og hér í landi. Að lokinni vel heppnaðri auglýsingasöfnun gefur auglýsingasafnari skýrslu til ritstjórnar, sem þá hefur góða yfirsýn yfir hvaða auglýsingar eigi að vera í hverju tölublaði.

RITHÓPUR sér um skrif á texta, svo sem fréttir og viðtöl. Annað verkefni hópsins er að ritstýra, þ.e.a.s. að sjá til þess að efni sé til og að það sé vegið og metið með tilliti til þema og frágangs.

LJÓSMYNDAHÓPUR tryggir að atburðir séu festir á filmu, auk þess að draga fállegar myndir fram úr skúffu sinni, þegar svo á við. Ljósmyndahópur sér líka um myndaskrá svo og að skila myndum sem blaðið hefur fengið að láni.

VÉLRITUNARHÓPUR sér til þess að efni sé komið inn á tilsettum tíma og vélritar það.

ÚTLITSHÓPUR tekur við tilbúnum textum og myndum og raðar efninu á síður blaðsins. Uppsetning blaðsins krefst mikillar nákvæmnisvinnu og er eðlilegt að útlitshópurinn hafi viku til sinnar vinnu ekki síst ef blaðið stækkar upp í 24 blaðsíður. Nú þegar talið berst að útlitsvinnu blaðsins viljum við nota tækifærið og þakka Ingibjörgu Rán fyrir starf hennar í vetur.

Blaðinu er nýr BÓKHÁLDARI fæddur, Ásta Ólafsdóttir. Hún tekur við starfi Salvarar Aradóttur. Fyrir hönd íslendinga í Kaupmannahöfn viljum við þakka Salvöru fyrir vel unnin störf og um leið boðið Ástu velkomna í hópinn. Verksvið bókhaldara felst í; skrifa reikninga til auglýsenda, setja borganir þeirra í banka, borga reikninga til prentsmiðju og pósthúss, taka peningum frá stjórnun félaganna, mæta á fundi þeirra sé þess óskað og leggja fram fjárhagsstöðu blaðsins. Allt þetta þarf svo að bókfæra.

Þetta er nú störf blaðahóps í grófum dráttum. Eins og þið getið ímyndað ykkur, er þetta síðasta tölublaðið fyrir sumarfrí. Næsta blað kemur út í október og væri gaman að sjá ný og fersk andlit fyrir þann tíma.

Ef grannt er skoðað höfum við í þessu blaði þrifað fyrir okkur með tölvuvinnslu. T.d. eru fyrirsagnir og ýmis mynstur ættuð úr tölvum. Hver veit hvað næsti vetur biður upp í örmum tölvunnar? Lifið heil en ekki hálf fram að hausti. Bestu kveðjur frá þeim sem unnið hafa að þessu blaði.

Bestu sumarkveðjur frá ritstjórn.



Hagnýt heimilisföng

Jónshús-Íslandsk Kulturhus
Østervoldgade 12
1350 København K

Veitingastofan:
(01) 13 79 97
Opin alla virka daga kl.17-22
LOKUD ÞRIÐJUDAGA
OPID laugardaga kl.14-22
OPID sunnudaga kl.14-20

Sr. Ágúst Sigurðsson:
(01) 14 56 30

Bókasafn:
OPID SUNNUDAGA kl.16-18

Íslenska sendiráðið:
Dantes Plads 3
1556 København V
Símar: (01) 15 96 04
(01) 15 96 75
OPID VIRKA DAGA KL.9.30-16.00

Foreningen Norden:
Malmøgade 3
2100 København Ø
Sími: (01) 42 63 25

Dansk-Íslandsk Samfund
Lundtoftevej 5
2800 Lyngby
Sími: (02) 88 25 11

ÚTGEFENDUR: Íslendingafélagið og
Félag íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn.

NÝR HAFNARÞÓSTUR er prentaður í 1200 eintökum hjá
Eks-Skolens Trykkeri, Nørrebrogade 5C, 2200 N

AÐ ÞESSU BLADI UNNU: Erla Sigurðardóttir, Jens
Ormslev, Kolbrún Þóra Oddsdóttir, Lára Ágústsson
& Sigrún Björnsdóttir.

UMSJÓN BARNASÍÐU: Bergþóra S.Kristjáns-
dóttir & Sigríður Sigurjónsdóttir.

Forsíða: Jens Ormslev.

Okkur hafa borist tvö nafnlaus bréf. Annað ansi stuttaralegt, en þeim mun skáldlegra. Hitt öllu alvarlegra og erfiðara viðfangs. Þau birtum við hér öllum til umhugsunar og ánægju. Höfundum sem samkvæmt pósthimplum búa á höfuðborgarsvæðinu, sendum við bestu þakkir. Alltaf gaman að fá bréf, þó það sé skemmtilegra að vita frá hverjum þau eru.



Páska fúlegg !
Fuss og svei !
Fátt var nýtt af þjóð og landa !
- En berrassað að vanda !!!.

Geislaryk
sumarsól

Hafnarpóstur þykkna fer
og styrkist milli handa



Leita andlegrar fullnægingar.


Kæri Hafnarpóstur!

Ég er 26 ára kona, tveggja barna móðir. By á stúdentagardi með mann í námi. Ég vinn við afleysingar á sjúkrahúsi, en er annars mikið heima við. Vandamál mitt er að ég er að drepast úr leiðindum og er að komast í alvarlegan sálarháska vegna vinaleysis. Ég skrifa því til ykkar í örvilnun minni, í von um finna einhverja samstöðu og lausn á þessu ástandi.

Ég hef búið hér í Köben í 4 ár og sótt það sem boðið hefur verið upp á í félagsmálum, messur, Íslendingabóll og allt þar á milli, í leit að hressum og góðum félagsskap. En það er eins og að leita að nál í heystakk að finna andlegan félagsskap á þessum samkomum, sérstaklega böllunum. Þar eru allir uppteknir í karla/konuleit og enginn nennir að tala saman og kynnast.

Ég og sambylismaður minn búum í "frjálsu" sambandi og höfum prófað ýmislegt í þeim efnum, en nú er ég búin að fá nóg af þessum engangs knöllum og sakna andlegrar fullnægingar með góðum vin. Núna. Þessi vöntun mín er farin að bitna á þeim sem mér þykir vænst um og kemur fram í óvæntum reiðiköstum, svefnsýki, minnimáttarkennd og jafnvel löngun til að stinga af frá öllu saman.

OKKAR Á MILLI




Ég á einn ágætán vin, karlkyns, sem mér finnst gott að tala við um tilfinningar og vandamál. Samband okkar byggir á skilningi og vináttu og mér finnst ósköp ljúft að eiga hann að. En nú er ég komin í vafa um tilfinningar mínar til hans. Ég veit ekki lengur hvort hann er eingöngu vinur eða hvort ég sé hreinlega ástfangin af honum. Og það sem verri er, þá virðist mökum okkar standa mun meiri ógn af þessari vináttu, en ef við hreinlega værum að sofa saman. Og íslendingunum hérna á garðinum finnst þetta allt saman meiri háttar grunsamlegt. Ég hef það á tilfinningunni að ég sé eitthvað óeðlileg. Og þetta er líka svo leiðinlegt, af því að það er ekkert annað en stóisk ást (ennþá) okkar á milli. Er ég að gera óraunhæfar kröfur á lífið, að vilja eiga mér andlegan elskhuga eða er einhver á sama báti og ég? Mér virðist sem íslendingarnir hérna taki með sér munstrið að heiman. Það er aldrei talað um tilfinningar, en allur metnaður lagður í kynlífið. Einmana eiginmenn leita sér huggunar á barnum og örvæntingarfullar eiginkonur einangrast. Fólk staðnar í þessum hefðbundnu menntaskólapælingum.

Þetta hljómar kannski allt hálfbruglingslega, en það sem ég vildi segja er, að mér finnst mig vanta svo fólk sem ég get talað við og treyst. Allt umhverfið virðist lúta frumskógarlögmálum, engum er hægt að treysta, líkþornin leynast alls staðar, engin kona þorir að verða vinkona, því allar aðrar konur eru á veiðum eftir hennar útvalda, einu nánu samböndin meðal íslendinga virðast vera að vakna með timburmenn í örmum einhvers jafn frústreraðs landa.

Er það orðrómur Kaupmannahafnar sem sódoma og gomorra norðurlanda sem gerir að fólk þorir ekki að hugsa með öðru en kynfærunum. Er virkilega enginn sem hefur áhuga á því sem leynist á milli eyrna okkar hér í Köben? Er ekki hægt að finna nýjan vettvang til félagsstarfa, horfast í augu og þora að kynnast? Er ég ein um þetta? Eða erum við allar svona?

KONA Í NEYD.



myndir: Pétur Stefánsson.

Einstaklingurinn í rúmi.

GRUNNEDLI RÝMIS, OG FJARLÆGDA Í RÝMI.

Kannastu við það að sitja á kaffihúsi eða krá og virða fyrir þér fólkið við næstu borð. Hvernig skyldi þetta fólk vera, og hvernig lífi lifir það? Maður les ymist út úr atferli þess og fyllir upp í eyðurnar með hugmyndafluginu, býr sér til litla sögu og hefur gaman af. Allt í allt, lítill afslappaður leikur í stóru opnu almenningrými.

Kannastu ekki líka við það að ferðast nokkrar hæðir í lyftu með ókunnugri persónu. Allt í einu fer maður að virða fyrir sér tærnar á sér, horfa stíft á lokaða hurðina, lesa á notaðan bíómiða sem gleymdist í vasanum í gærkvöldi, salur A, bekkur 6, sæti 8. Allt í allt dálítið ónotalegt tilfinning í litlu lokaðu almenningrými.

Þessar upplifanir eru að miklu leyti bundnar við eðli þess rýmis sem við erum í, og fjarlægðir milli fólks í því rými.

Með þessari grein vil ég koma nánar inn á hvernig rýmið í kringum okkur hefur áhrif á okkur, hverjar kröfur okkar eru til þessa rýmis og hvernig við almennt bregðumst við í leit að jafnvægi í rýmisþörfum.

RÝMISÞÖRF DÝRANNA.

Allir þurfa rými, maðurinn, hundurinn og maurinn. Mismunandi mikið og mismunandi tegund af rými, spennandi frá einkarými til félagsrýmis, og litlu rými til óendanlegs rýmis. Til að tryggja sér þetta rými marka dýrin í náttúrunni sér yfirráðasvæði, hundar pissa utan í ljósastaura, nútímaðurinn festir sér hús og maurarnir sér búfu. Öllum er þessum hópum það sameiginlegt að þeir eiga erfitt með að þola áreitni og yfirgang á þessu svæði. Hundar og maurar slást og nútímaðurinn í húsi sínu hringir á lögguna. Allt í allt þurfum við öll okkar yfirráðasvæði, einkarými eða innbyrðis fjarlægðir.

Þegar rýmisþörf dýranna er ógnað bregðast þau við á svipaðan hátt og maðurinn gerir í þröngri stórborg, þ.e. stress, sjúkdómar og atferlisvandamál.

Á lítilli eyju í Chesapeake-flóanum við strendur Bandaríkjanna eru til dæmi þess að heilu hjarðirnar af hjörtum hafa bókstaflega gengið í sjóinn og framið sjálfsmorð vegna plássleysis. Við krufningu reyndust flest þessi aðþrengdu dýr einkennast af stressi og magasári. Það er líka til dæmi þess að aðþrengdir fílar á lítilli eyju hafi synt marga tugi kílómetra til næstu eyju vegna plássleysis.

RÝMISÞÖRF MANNSINS.

Ef við snúum okkur aftur að mannskepnunni, þá eru rýmiskröfur hennar aðalega tvíþættar, annars vegar varðandi nálægð manna á milli og hins vegar þær sem snerta samhengi einka- og félagsrýmis.

Aðlögunarhæfni okkar veldur því að við getum þó vanist ýmsum aðstæðum sem við myndum telja ómögulegar undir öðrum kringumstæðum. Almenn menning, hættir og venjur í mismunandi þjóðfélögum með mismunandi uppruna hefur gert rýmiskröfur okkar mismunandi.

FJARLÆGDIR - SAMSKIPTI MANNA Á MILLI.

Fjarlægðir eða nálægð manna á milli er í beinu samhengi við félagslegar gerðir okkar og gefur okkur vísbendingu um stærðir rýmis með mismunandi félagslegum tilgangi. Það hefur verið reynt að setja þessar fjarlægðir í samhengi á eftirfarandi hátt:

Yfir 5 M fjarlægð: OPINBER FJARLÆGÐ.

Ræðufjarlægð, kallfjarlægð, þar sem þú ert áhorfandi að gjörðum annarra. I.d. getur þú upplifað það á Strikinu að sé listamaður að troða upp heldur fólk sig yfirleitt í yfir 5 m. fjarlægð.

1-5 M fjarlægð: KUNNINGJAF FJARLÆGÐ.

Samræður, talfæri, á fundum, í samkvæmi. Í þessari fjarlægð getur þú valið hvort þú sért virkur eða passífur í umræðum eða athöfnum hópsins.

0,3-1 M fjarlægð: VINAFJARLÆGÐ.

Hvíslfæri, samræður í litlum hópi fólks þar sem þú getur ekki komist hjá því að vera virkur. Yfirleitt aðeins hægt með fólki sem maður þekkir vel og er afslappaður gagnvart.

0-0,3 M fjarlægð: EINKAFJARLÆGÐ.

Snertifæri, lyktfæri, fjarlægð sem yfirleitt er aðeins leyfð af börnum, maka, eða elskhuga. Fjarlægð sem hefur leitt til, eða leiðir til tilfinningalegs og/eða kynferðislegs sambands.

Nú er það að fólk hefur mismunandi "fjarlægðarskyn", og það getur leitt til óþæginda. Sumum líður best að ræða við fólk í 2 m fjarlægð og öðrum kannski í 1 m fjarlægð. Þannig reynir annar aðilinn að færa sig nær hinum sem aftur á móti leitast eftir því að færa sig fjær. Öðrum aðilanum myndi þannig finnast hinn uppáþrengjandi, og hinum myndi finnast erfitt að ná sambandi við þann fyrri.

Fleiri þættir eins og t.d. aðstæður spila að sjálfsögðu stóran þátt. Ef þú ert einn í strætisvagni og einhver kemur inn og sest við hliðina á þér myndi þér sennilega líða öðruvísi en ef vagninn væri fullur. Það er hægt að fullyrða að við skynjum ákveðna hluti og hvort annað í ákveðnum fjarlægðum og rýmisstærðum. Þessir þættir eru notaðir meðvitað í arkitektúr til að





auka áhrif ákveðinna upplifanna.

RÝMISSTÆRDIR: EINKARÝMI - FÉLAGSRÝMI.

Samhengi einkarýmis og félagsrýmis er mjög nátengt aðurnefndum fjarlægðartengslum, eða frá t.d. einkarými (svefnherbergi) vinarými, fjölskyldurými (stofa eldhús) kunningjarými (hverfi, skóli, félagsamtök) opinbert rými (borgin, landið).

Þessa rýmisdeilingu er að finna í meiri hluta umhverfis okkar og getur skapað mörg vandamál ef einn hlekk vantar inn í myndina. Allir þurfa einkalíf til að geta virkað í félagslífi og allir þurfa félagskap til að geta verið einir. Vandinn er bara að finna jafnvægið þar á milli. Þetta jafnvægi er mjög mismunandi eftir þjóðfélögum, efnum og arfleidd og speglar það sig yfirleitt í menningunni. Til dæmis hafa japanir haft mjög þrönga kosti framan af, og aðlögunarhæfni mannsins hefur gert þeim það kleyft að vera "einir" í fjölmenni, þannig geta þeir lokað sig af frá sínu umhverfi og orðið einir inni sjálfum sér. Þeirra eina einkarými er að finna innan í þeim sjálfum. Danir kjósa að lifa þröngt (húsnæði þó deilt upp í einka- og fjölskyldurými). Þess í stað ferðast þeir meira og hreyfa sig utan dyra en Íslendingar. Danska vina- og kunningjarýmið á sér stað á veitingahúsum, félagsheimilum eða almennt utan dyra heimilisins. Fólk hittist í bænum.

ÍSLENSKT RÝMISMYNSTUR.

1983 höfðu íslendingar 45 fermetra íbúðarhúsnæðis á hvern einstakling eða u.þ.b. 10 fermetrum meira en danir. Það á sínar rætur að rekja til veðráttu, langra vetra og meiri þörf á að vera innan dyra. Samanborið við Dani eru Íslendingar gjarnari á að "lita inn", "tilkynna komu sína" og bjóða í heimsókn, sem er afleiðing af þeirri menningu sem við erum alin upp í. Flestir hafa sennilega tekið eftir því hve íburðurinn er miklu meiri í íslenskum íbúðarhúsum

og lífspægindin. Þetta er ekki svo skrytið ef lítið er á að einkarými, fjölskyldurými, vinarými foreldra, vinarými barna og stór hluti félagsrýmis gengur fyrir sig innan veggja heimilisins.

Þetta íslenska lífsform setur vissulega stærri kröfur til íbúðarhúsnæðis, og það hefur verið leyst með ýmsu móti í gegnum árin. Fyrir 1960 var það algennt að stór svefnherbergi sæju um einka- og vinarými fjölskylduadila, eldhúsið var fjölskyldurýmið og læsta stofan félags eða kröfur til íbúðarhúsnæðis, og það hefur verið leyst með ýmsu móti í gegnum árin. Fyrir 1960 var það algennt að stór svefnherbergi sæju um einka- og vinarými fjölskylduadila, eldhúsið var fjölskyldurýmið og læsta stofan félags eða gestarýmið. Í kringum 1970 var það svo algennt að svefnherbergin minnkuðu og stofum fjölgaði. Þannig varð svefnherbergið einkarýmið, litlar stofur vinarými og stofan varð fjölskyldu félags og gestarými. Frá 1980 virðist stofum fækka og svefnherbergin stækka aftur. Auk þess virðist íbúðarhúsnæðið allmennt vera minnkandi, sem getur stafað af aukinni fjölbreytni í bjarlífi á undanföllum árum.

RÝMI Á STÚDENTAGÖRÐUM.

Rýmiskröfur stúdentagarða eru öðrum lögmálum háð að því leyti að hér er um að ræða tímabundnar aðstæður í leiguhúsnæði. Lífið á stúdentagörðum er aðallega tvíþætt; annars vegar einstaklingsíbúðir með sameiginlegu eldhúsi og hins vegar íbúðir. Önnur aðstaða eru einstaklingsherbergi með eldunaraðstöðu. Almennt eru stúdentagarðar með undanþágu frá byggingalöggjöf að því leyti að athafnarýmið er miklu minna en í almennu íbúðarumhverfi.





ÍBÚÐIR Á STÚDENTAGARÐI.

Íbúðir á stúdentagarðum eru með mjög svipuðu sniði og þekkist víðast hvar annars staðar, þ.e. svefnherbergi, stofa og eldhús. Þessi tilhögun í mjög þröngu rými gerir það að fjölskylda getur virkað, en allar hliðranir á hversdagslegu lífi verða erfiðar, svo sem gestagangur, vinnuaðstaða og einkalíf. Almennt gefa þessar tímabundnu aðstöður okkur ákveðna aðlögunarhæfni.

Öðru máli gegnir þegar um sameiginlegt eldhús er ræða. Þar er herbergið einka- og vinnurými en eldhúsið félags- eða fjölskyldurými. Ef eldhúsið virkar ekki sem félagsrými (sem það sjaldnast er innréttað til af hálfu stúdentagardanna) má líkja því við fjölskyldu í upplausn þar sem enginn talast við. Félaglega stökkið getur verið frá einkarými til opinbers rýmis og það getur verið stórt og meira en margir geta ráðið við. Sérstaklega ef fólk kemur frá öðru landi. Ef aftur á móti eldhúsið virkar getur það verið ein besta upplifun sem getur gerst, sem í mínu tilfelli.

HERBERGI MED ELDUNARAÐSTÖÐU.

Verst af öllum þessum fyrirbrigðum eru herbergi með innbyggðri eldunaraðstöðu, þar er u.þ.b. 15 fermetra herbergi einka-, félags-, fjölskyldu-, vina- og kunningjarými. Hafir þú við eitthvað vandamál að etja er ekki hlaupið að því að skipta um umhverfi innan fjögurra veggja þar sem þú borðar, vinnur og slappar af. Þetta fyrirkomulag getur og hefur haft hrikalegar afleiðingar. Ég myndi vara alla við að leigja þannig aðstöðu og vildi helst geta bannað að hún fyrirfyndist.

Allar þessar upplýsingar sem ég hef komið með hér eru mjög einfaldaðar og gróft skornar. Það finnst sennilega fleiri undantekningar í þessu samhengi en reglur, þar sem svo margir aðrir þættir spila inn í, t.d. þjóðfélagsbreytingar, pólitík, tækni og nýjungar. Ég hef reynt að halda mér við rými sem viðmiðun og vona að það sjónarmið hafi gefið betri innsýn í hversu mikilvægt, ómissandi og djúpstætt rými er fyrir okkur öll og hversu mikil áhrif skipulag þess getur haft á líf okkar.

Jakob E. Línal, arkitekt



húsnæðismál

Sameignastefna – og séreignastefna

Það þarf ekki að minna neinn hérbúandi Íslending á hvernig húsnæðismálum er háttað á Íslandi. Séreignastefnan hefur verið alls ráðandi í áratugi, enginn talinn maður með mönnum, nema hann sé búinn að kaupa, eða helst af öllu byggja yfir sig. Það hefur varla verið talið sámandi sjálfstæðum einstaklingum að búa í leiguhúsnæði, enda er varla um leiguhúsnæði að ræða sem ekki lýtur brjálæðislegum lögmálum markaðarins. Þó er vert að minna á hvernig andinn var hér áður fyrr á árunum út í þá sem bjuggu í "bæjarblokkunum" svonefndu. Það þótti ekki beinlínis vera til álitsauka, svo ekki sé meira sagt.

Það er ekki fyrr en fólk flyst erlendis (til Norðurlanda), að það kemst að því að það er hægt að lifa mannsemandi lífi í leiguhúsnæði, við réttlát kjör. Einnig uppgötvar það fyrirkomulag búsetu-rættarins, þar sem keyptur er búseturéttur við vægum kjörum, og síðan greiddur kostnaður (leiga) mánaðarlega. Eftir þessar uppgötvanir er ekki óeðlilegt að inn í hugi fólks smjúgi efasemdar-vottur um að sú séreignarstefna, sem rekin er á Íslandi, þurfi endilega að vera sú rétta í öllum tilvikum. Eiga þeir, sem EKKI vilja eignast eigið húsnæði, rétt á að hafa þessa skoðun, og geta lifað samkvæmt því? Fyrir marga liggur lífsfyllingin í öðru en að eignast einhvern ákveðinn rúmnetrafjölda af steinsteypu.

Ég var einu sinni fyrir nokkrum árum á fundi með fulltrúum annars stjórnaflökkanna á Íslandi. Þar voru húsnæðismál rædd með meiru. Þegar fundarmenn héldu m.a. fram ágeði búseta-fyrirkomulagsins, kváðu fulltrúar flokksins það fjærri lagi að hann gæti stutt þessa stefnu, ÞVÍ ÞAÐ VERI EÐLI ÍSLENDINGSINS AÐ VILJA EIGNAST EIGIÐ HÚSNÆÐI, og eðlilega mörkuðu þeir sína pólitísku stefnu eftir vilja fólksins. Síðan þetta var talað hefur félag um búsetafyrirkomulagið verið stofnað á Íslandi, og berst þar við íhaldssamar skoðanir og undarlegan hugsunarhátt. M.a. tókst að hindra framgang þess á Alþingi árið 1984 með því að leggja um stundarsakir söluskatt á "Mangósopann" og kakómjólk svo absúrd sem það nú er.

Fyrir síðustu alþingiskosningar settur tveir stjórnmálaflókkar fram loforð um 80% lán til 43 ára til handa húsbýggjendum og íbúðakaupendum. Dæmi er sett upp þar sem gengið er út frá að forsendur þær sem gilt hafa á síðustu tveimur árum gildi um 5 ára skeið í viðbót: Ung hjón kaupa íbúð (4 herb.) fyrir 2,5 millj.kr. árið 1985. Úr Byggingarsjóði

rikisins eru lánuð 80% af upphæðinni eða 2 millj. kr. til 43 ára með 3,5% raunvöxtum. Í fyrstu eru afborganir af láninu mjög litlar, og lánþeginn greiðir nær eingöngu vexti. Eftir 5 ár hafa hjónin aðeins greitt 70.190 kr. af láninu. Hins vegar hafa þau greitt í vexti kr.347.600. Því eru að 5 árum liðnum enn áhvílandi á íbúðinni 1930.000 krónur. Hjónin vilja selja íbúðina eftir 5 ár og kaupa sér raðhús.

Á þessum 5 árum hafa sömu aðstæður ríkt á fasteigna- og lánamarkaði og nú hefur gert um skeið, verðmæti húsnæðis hefur ekki haldið í við lánskjara vísitöluna. Gert er ráð fyrir að lánskjara vísitalan hafi "aðeins" hækkað um 30% á ári, en fasteignamarkaðurinn einkennist áfram af

því verðfalli, sem verið hefur síðan 1982, og því hefur meðalhækkun söliverðs íbúða verið 23% á ári, eða 7% undir verðbólguástigi. Árið 1990 yrði því söliverð íbúðarinnar 7 millj.kr. Áhvílandi 80% húsnæðismálastjórnarlán, uppreiknað eftir vísitölu, væri hins vegar orðið 7,2 MILLJ.KR. Í fyrsta lagi væru þau 20% sem hjónin lögðu fram í upphafi uppbrunnin, og í öðru lagi þyrftu þau að greiða kaupandanum um 200 þús.kr. með íbúðinni, til að hann yfirtaki hvílandi lán.

Taka skal fram að það verðfall sem hér er reiknað með, er það sama og verið hefur á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu á síðustu þremur árum (1982-1985).

Þetta dæmi, reiknað út frá raunverulegum forsendum sýnir að öryggi í húsnæðismálum er ekki lengur hægt að tryggja innan ramma séreignar-fyrirkomulagsins við þær aðstæður sem ríkja á Íslandi í dag. Raunvextir voru um tíma þeir hæstu í Evrópu og eru háir nú, peningamarkaðurinn hefur leikið lausum hala, á meðan launum er haldið niðri með lögum.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur hrunið, á meðan fjármagnið hefur orðið dýrara. Meðan slíkt ósamræmi ræður ríkjum, leiðir séreignastefna í húsnæðismálum einfaldlega til þess að fjölskyldum í landinu er stefnt í fjárhagslegan vöða, eins og dæmin sýna nú þegar. (Innblásið af grein eftir Jón Rúnar Sveinsson í DV 5.11.85 ásamt vissri endursögn).

Gunnlaugur Júlíusson



Búslóðin heil í höfn

Þegar okkur er trúað fyrir stóru eða smáu innbúi til flutnings milli landa vitum við að góð ráðgjöf og vandvirkni í vinnubrögðum skiptir öllu máli.

Bækurnar, gamli stóllinn, fallega afmælisgjöfin, orgelið. . . allt á sína sögu og er eigandanum ómetanlegt.

Við leggjum því mikla áherslu á **öruggan** og **auðveldan** búslóðaflutning með

- hentugum gámum
- sérhönnuðum búslóðakössum fyrir viðkvæma vöru
- jöfnu flutningsgjaldi til helstu hafna landsins
- víðtækri heimsendingarþjónustu


en fyrst og fremst með **góðum ráðum** og **réttum handtökum**.

**Hafið samband við næsta umboðsmann
og leitið frekari upplýsinga.**


Flutningur er okkar fag

EIMSKIP

Sími 27100



0683-E2



UM ÍSLENSKUKENNSLU BARNNA



Í 10 ár hafa fræðslufirvöld Kaupmannahafnar boðið upp á íslenskukennslu, sem í jafn mörg ár hefur verið til húsa í Gasværksvejens Skole á Vesturbú. Áður hafði svipuð kennsla farið fram í Jónshúsi, en þegar skólinn var fluttur þaðan var það vegna breytinga á allri tilhögun móðurmálskennslu hér í Danmörku.

1976 voru samþykkt ný lög þess efnis að öll börn, sem höfðu annað móðurmál en dönsku skyldu eiga rétt á móðurmálskennslu. Í lögnum kveður svo á að bæjarfélögin greiði kostnað af móðurmálskennslunni og leggi til húsnæði. Þar segir og að hvert bæjarfélag skuli bjóða upp á móðurmálskennslu en ef það eru ekki nógu margir nemendur (10-12) í sama bæjarfélagi, þá geti bæjarfélögin safnað nemendum saman og staðið saman að kostnaði. Vegna þess hversu dreift íslendingar búa á Kaupmannahafnarsvæðinu hefur íslenskum nemendum verið safnað saman í Kaupmannahöfn. Þó hefur Gladsaxe síðustu tvö skólaár boðið íslenskum nemendum upp á móðurmálskennslu.

Það er hugsanlegt að það væri hægt í fleiri bæjarfélögum að safna 10-12 nemendum í móðurmálskennslu í íslensku, en til þess þarf að sýna fram á að nemendur séu fyrir hendi. Við sem kennum í Kaupmannahöfn getum aðeins hvatt foreldra sem búa fyrir utan Kaupmannahöfn og sem áhuga hafa á íslenskukennslu að athuga hvort hægt væri að safna nemendum saman í viðkomandi bæjarfélögum.

Við sem kennum í Kaupmannahöfn getum gefið allar nánari upplýsingar, en frumkvæðið verður að koma frá foreldrum. Bæjarfélögin leggja til húsnæði og greiða kennurum laun. Kostnaður vegna bókaþauka hefur alla tíð verið hornreka móðurmálskennslunnar. Í Kaupmannahöfn höfum við með höppum og glöppum fengið smáupphæðir til bókaþauka, en þær upphæðir hafa aldrei sinnt þörfum. Hér vaknar sú spurning hvort það ætti ekki að vera siðferðisleg skylda íslenska ríkisins að greiða fyrir um öflun bóka. Það er reyndar þannig að íslenskar bækur sem keyptar eru hjá Námsgagnastofnun á Íslandi fást með 50% afslætti, en þær fjárupphæðir sem við höfum fengið ná skammt þrátt fyrir þennan afslátt.

Reynsla okkar er sú að einmitt lestur bóka er einn mikilvægasti þáttur í varðveislu íslenskunnar í dönsku umhverfi. Íslensk börn sem ganga í danska skóla viðhalda oftast íslenskum framburði og talmáli yfirleitt sé íslenska á annað borð töluð á heimilum, en orðaforða og getu til að lesa og skrifa er oft ábótavant, ef börnin hafa ekki greiddan aðgang að íslenskum bókum. Það er áralöng reynsla okkar að mörg íslensk börn, sem í fljótu bragði tala góða íslensku hvorki lesa sér til gagns og gamans né því síður skrifa íslensku. Íslenskar bækur eru því afar mikilvægur þáttur í varðveislu móðurmálsins á erlendri grund.

Það er því þarft verk að reyna að auka magn og úrval það af íslenskum bókum sem börnin hafa aðgang að. Slíkt þyrfti vitaskuld að gerast með stuðningi frá Íslandi. Sjálfsagt má halda því fram að það sé skylda danska ríkisins að sjá um að mennta hérbúandi börn án tillits til þjóðernis. Hvað varðar móðurmálskennsluna sjá Danir líka eins og fyrr segir um aðalkostnaðinn við kennsluna þ.e. borga laun kennara og leggja fram skólahúsnæði.

En það ætti að vera metnaðarmál íslendinga að sjá til þess að þau íslensku börn sem vaxa úr grasi erlendis hafi tækifæri til að þróa íslenskuna þannig að hún verði í raun þeirra eiginlega móðurmál. En til að slíkt geti verið þurfa börnin að hafa vald á öllum tæknipáttum málsins, þ.e. skilja það, tala og skrifa. Í marsmánuði sl. var menntamálaráðherra hér á fundi með íslenskum námsmönnum. Á þeim fundi lýsti hann yfir áhuga á því að beita sér fyrir að íslensk börn hér hefðu greiðari aðgang að íslenskum bókum en verið hefði. Við höfum enn ekki heyrt neitt að aðgerðum hans í því máli, en það er vonandi að hann láti ekki sitja við orðin tóm.


Íslendingafélagið samþykkti á síðasta aðalfundi að verja allt að 80% af arði af flugferðum til kaupa á bókum á bókasafnið í Jónshúsi og helmingur upphæðarinnar á að fara til kaupa á barna- og unglingabókum. Ekki eiginlegum kennslubókum heldur ýmis konar handbókum sem jafnan eru til á íslenskum skólasöfnum. Út frá sjónarhorni íslenskukennara er þetta vitaskuld mjög lofsvert framtak og kemur börnun hér til góða. Bæði þeim sem sækja íslenskukennslu en ekki síður þeim þar sem foreldrar hafa valið að sinna alfarið sjálfir móðurmálskennslunni. En það getur þó ekki farið hjá því að maður spyrji sjálfan sig hvort það sé virkilega stefna íslenskra menntamálayfirvalda að þjóðlegt og málfarslegt uppeldi barna okkar eigi að vera byggt á meira eða minna tilviljanakenndum fjárframlögum einstaklinga og félagssamta. Hvar eru þá slagorðin um verndun ástkæra ylhýra málsins, þjóðlega menningararfsins o.s.frv.

Það bendir allt til þess að íslendingaskólinn í Kaupmannahöfn eigi eftir að fá aukna möguleika á að nýta sér bókasafn og aðra aðstöðu í Jónshúsi á næstunni. Þannig er mál með vexti að til stendur að flytja móðurmálskennsluna næsta vetur frá Gasværksvejens Skole til Nyboder Skole sem er rétt steinsnar frá Jónshúsi. Við bindum miklar vonir við þessa breytingu bæði vegna nálægðarinnar við Jónshús og ekki síður vegna þess að umhverfið er allt mun meira aðlaðandi en það sem unlykur Gasværksvejen.

Þessi jákvæða þróun í húsnæðismálum skólans ætti að geta verið hvatning öllum þeim sem hafa áhuga á þessum málum að reyna að þrýsta á um úrbætur á bókavandamáli hans.

Bergþóra & Sigríður.

Barnasíðan



	Terta	Vendu	Litill	Fyrstur í stat- rófinu
Köttur				
Stelpu- nafn				Strák
Sníð- ugur				
Peninga				

Brandarar

Það var einu sinni stelpa sem hét Sigrún, sem var skotin í strák sem hét Gummi. Sigrún var mjó en Gummi var feitur og Sigrún há en Gummi var lár. Þegar þau giftust voru þau með vandamáli. Því að Gummi gat ekki komist inn í háa mjóa húsið hentar Sigrúnar og Sigrún gat ekki komist inn í feita láa húsið hans Gumma svo að þau ákváðu að sitja húsinn saman svo að þau gætu verið saman og eins og ég veit eiga þau heima á Laugavegi 8B Ísland. EFTIR EDDU YR 10 ÁRA

VINSÆLDARLISTINN

Vinsældarlistinn. Top 20.

1. Wide boy
2. Planet earth
3. We go together
4. A View to a kill
5. Wake me up before you go go
6. The sun always shines on T.V.
7. Im your man
8. Dress you up
9. Election day
10. Take on me
11. Tarsen boy
12. Born in the U.S.A.
13. Into the groove
14. The wild boys
15. Stanslaust fjör
16. Taking off
17. Þú verður tannlæknir
18. Every time you go away
19. Ég er fegurðardrottning
20. La det swinge

Wham.
Duran - Duran
Grease
Duran - Duran
Wham
A - Ha
Wham
Madonna
Arcadia
A - Ha
Battimora
Bruce Springsteen
Madonna
Duran - Duran
Sjómenn
Mezzoforte
Ómar og stelpurnar
Paul Young
Ragnhildur Gisladóttir
Bobbysocks.

Dísa 7

"ÁHUGINN RÆÐUR FRAMLEIÐSLUNNI"

Hildur Jónsdóttir fréttaritari ríkisútvarpsins og fyrsti íslenski nemandinn í blaðamannaháskólanum í Árósum hefur ásamt öðrum íslenskum námsmönnum þar í borg sent út íslenska útvarpsþætti á s.l. 2 árum. Við náðum tali af henni til að forvitnast nánar um starfshætti þessa hóps, reynslu þeirra af útvarpsrekstri og hvaða möguleika hún teldi á svipaðri starfssemi meðal Íslendinga hér í borg.

SP: Hvert var upphaf þessara útvarpsþendinga?

HJ: Við hófum þessa starfssemi í lok janúar 1984. Það var Radio Aarhus sem benti okkur á þennan möguleika og spurðu hvort við hefðum ekki áhuga á að útvarpa á íslensku. Við settum okkur nokkur saman, ræddum málin og settum niður starfshóp. Bara byrjuðum án mikils undirbúnings. Í upphafi sendum við út einu klukkustund einu sinni í mánuði, seinna þróaðist þetta út í 1/2 tíma á 14 daga fresti. Þetta er frekar stuttur tími og við höfum ekki átt í neinum erfiðleikum með að fylla hann út. Hins vegar reyndist erfitt að fá fasta útsendingartíma, sem gerði það að verkum að fyrsta árið vissi fólk ekki alltaf hvenær við sendum út. Í Árósum er meira hlustað á Radio Aarhus en danska ríkisútvarpið. Radio Aarhus er eins konar regnhlífasamtök margra félaga/starfshópa en Íslendingafélagið í Árósum gerðist þó aldrei formlegur aðili að þessari útvarpsstöð. Við vorum bara óháður starfshópur sem sendi út á íslensku.

SP: Hvernig unnuð þið upp ykkar dagsskrá?

HJ: Við byrjuðum á að hrávinna allt dagsskrárefni á spólu, en við gátum leigt upptökutæki og aðstöðu í hljóðveri við útvarpsstöðina. Þessa hráunnu spólu klipptum við svo niður í 1/2 tíma dagsskrá. Aðalkostnaður okkar var sem sé kaup á segulbandsspólum og leigukostnaður við upptökuaðstöðu. Síðar fórum við meira út í beinar útsendingar, sem bæði er ódýrara og skemmtilegra. Alltaf ákveðin spenna við beinar útsendingar. Það er engin blaðaútgáfa meðal Íslendinga í Árósum og því var augljós þörf á fréttamiðli til að halda utan um starfssemi Íslendinga í borginni. Hins vegar var útsendingartími okkar í upphafi óhagstæður, bæði allt of sjaldan og í raun of stuttur til að ná upp heilsteyptri dagskrá. Þetta lagaðist þó og nú veit fólk að annan hvorn mánudag kl. 20.00 er íslenskt útvarp. Og dagskráin hefur fengið á sig nokkuð fastan ramma. Í hverjum þætti er t.d. fréttapistill að heiman, barnaefni, íslensk tónlist og þar fyrir utan ef tími og kraftar leyfa umræður eða viðtöl við fólk heima. Við höfum t.d. hringt í Ragnhildi Helgadóttur þegar hún var menntamálaráðherra og við höfum verið með beinar útsendingar við "Okkar mann í Reykjavík".

SP: Hverjir hafa unnið við þessa útvarpsgerð?

HJ: Við þessar útsendingar hafa alltaf starfað tveir 5 manna hópar, sem hafa skipst á að gera þætti. Og áhuginn hefur ráðið framleiðslunni. Einnig hefur verið hröð útskipting af fólki og ótrúlega margir fengið tækifæri á að spreyta sig á dagskrárgerð. Það sem er skemmtilegast við svæðisútvörpin er einmitt þessi óhátiðleiki, allir sem vilja geta kynnst útvarpsgerð og ferillinn er hraður og oft óskipulagður. Það er engin rit-sköðun, hver einstaklingur/starfshópur tekur á sig ábyrgð á sínu efni og yfirleitt er allt sent beint út. Hins vegar eru óskapleg þrengsl við flest svæðisútvörpin og erfitt að fá næði til að gera velunna hljóðupptöku.

SP: Samstarf heim?

HJ: Við könnuðum möguleika á samstarfi við íslenska ríkisútvarpið og þá aðallega til að skiptast á dagsskrárefni, en það datt upp fyrir,



reyndist of þungt í vöfum og mikil skriffinnska í kringum það. Hins vegar fengum við plötugjöf frá íslenskum plötuútgefendum og við höfum getað kynnt nýja íslenska tónlist.

SP: Hvaða möguleika telur þú á svipaðri starfssemi í Kaupmannahöfn?

HJ: Íslendingar í Kaupmannahöfn hafa það fram yfir Íslendinga í Árósum að hér er samsetning fólks öllu fjölbreyttari. Hér er hægt að senda út mun breiðari og alhliða dagsskrárefni. Þó það hafi aldrei verið nein pólitísk lína í okkar útsendingum, setti samsetning Íslendinga að sjálf-sögðu sinn svip á útsendingarnar. Námsmenn ræða lánamálin og eru gagnrýnir á gang þjóðmála heima. Í Köben eru möguleikarnir stærri. Hér eru tengsl Íslendinga önnur og hugmyndir fólks um Ísland breytilegar - allt eftir aldri og árafjölda erlendis.

Útvarp er þar að auki miðill sem gefur málinu gott aðhald og eykur möguleika á auknum tengslum milli hlustenda og þeirra sem starfa að þjónustu við landann. Það hefur alltaf lóðað við útvarpsmiðilinn, að þar eigi að tala gott mál. Þetta getur þó sett tjáningunni nokkuð þröngar skordur og fólk átt á hættu að vera tekið fyrir í "Daglegu máli". En min skoðun er sú að skoðanir og lifandi umræða sé öllu mikilvægari og hér hefur útvarpið það fram yfir blaðaútgáfu að þar er hægt að rækta hið talaða mál með lifandi umræðum, koma á framfæri glænýjum fréttum og tilkynningum. Fyrir nær engan pening.

Svona í lokin viljum við taka fram að viðtal þetta var tekið fyrst og fremst til að veidda upplýsingar upp úr Hildi um útvarpsmál og minni áhersla lögð á persónuleika hennar. Það verður að biða betri tíma. Í lok viðtalsins bað Hildur okkur um að gera sér greiða:

Eins og minnst er á í upphafi þessa pistils vinnur hún sem fréttaritari ríkisútvarpsins hér í landi. Ef þú skyldir vita um eitthvað fréttæmt efni sem erindi á í ríkisútvarpið biður Hildur þig um að láta sig vita. Hún er í húsnæðishraki og getur því ekki gefið upp neitt símanúmer, en hins vegar veit sendiráðið hvar hana er að finna hverju sinni.

ES & SB

"Útvarp Kaupmannahöfn, góðan dag"

Árið 1983 gengu í gildi bráðabirgðarlög um svæðisútvörp í Danmörku. Á þessi lög skyldi reyna á tilraunatímabili sem lyki 31.3.1986. Þetta tímabil hefur nú verið framlengt til 1. okt. 1986. Á þeim 3 árum, sem liðin eru hefur sprottið upp fjöldi útvarpsstöðva bæði á Kaupmannahafnarsvæðinu og út um allt land og í ársbyrjun 1986 hafði danska útvarpslaganefndin veitt um 100 leyfi til útvarpsreksturs. Margir aðilar deila hins vegar hverju útvarpsleyfi og við útvarpsstöðina "radio Sokkelund" eru t.d. 13 aðildarfélög.

Það eru fyrst og fremst grasrótahreyfingarnar sem hafa nýtt sér tilraunir til útvarpsreksturs, en einnig stjórnmálaflokkar, minnihlutahópar og þjóðarbrót. Til að fá leyfi til útvarpsendinga, þarf að uppfylla ýmiss skilyrði. I.d. stendur í dönsku lögnum, að meginhluti útsendingarefnis skuli vera framleiddur "lokalt" og það leyfast engar auglýsingar við svæðisútvörpin. En það er einnig tekið fram í lögnum að selja megi útsendingartíma og í praksis leyfast ýmsar fjáröflunarleiðir til útvarpsstöðvanna. M.a. bingó, greiðsla fyrir hlustendakvæðjur, styrkir frá sveitarfélögum og öðrum áhugafélögum um útvarpsmál. Og flestir kannast við málarekstur þann sem kom upp við útvarpsstöðina Voice, sem auglýsti grimmt fyrir sjónvarpsstöðinni Kanal 2, enda eigindur að báðum fjölmiðlum þeir sömu. Þrátt fyrir ýmis broðir til fjáröflunar er útvarpsrekstur ekki dýr, sérstaklega ef fleiri aðilar deila á milli sín kostnaðarliðum.

NÆRVARP OKKARA.

Frændur okkar Færeyingar hafa frá upphafi tilraunatímabilsins sent út 2 tíma vikulegan útvarpsþátt hér á Kaupmannahafnarsvæðinu. Að þeirri útvarpsstarfssemi standa fleiri færeysk félög, sem öll hafa aðsetur í Færeyingahöllinni við Rosenborggade. Færeyingar gerðust aðilar að radio Sokkelund og borga þeir 200 krónur danskar á mánuði fyrir aðstöðuna. Færeyingar eru komnir með nokkuð fastan ramma fyrir sínar útsendingar og í raun búnir að skapa áframhaldandi þörf fyrir 2 tíma skammt af útvarpi á viku. Þeirra dagsskrá byggir á barnaefni, t.d. upplestri framhaldssögu eða viðtölum við börn. Þá hafa þeir alltaf ljóðalestur í sinni dagsskrá og fréttapísl að heiman. Í því sambandi hafa þeir samstarf við færeyska útvarpið/sjónvarpið og fá yfirleitt fréttir í beinni útsendingu frá eyjunum grænu. Meginhluti efnis eru þó tilkynningar og umfjöllun um atburði liðandi stundar meðal færeyinga í Kaupmannahöfn.

Útvarp á íslensku.

Í síðasta Íslandsþósti, blaði íslenska landsambandsins í Svíþjóð, er greint frá því að útvarpað verði beint frá Reykjavík til íslensku svæðisstöðvanna í Svíþjóð eftir bæjar- og sveitastjórnaðkosningarnar sem fram fara laugardaginn 31. maí n.k.

Gert er ráð fyrir, að þessi útsending heyrast all vel á Sjálandi fyrir tilstuðlan endurvarpsstöðvarinnar á Svíþjóðarströndu.

Fréttautvarp m.fl. er alla sunnudaga frá Lundu kl. 11 - 12 árdegis, 99.1 megarið og Málmei kl. 12 - 13 90.2 megarið.

Stuttbylgjuútvarpið til Íslendinga á Norður- löndum, Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu er nú á þessum bylgjulengdum.

ÍSLENSKT "NÆRVARP"??

Nú er mikill hugur í mönnum og konum að hefja útvarpsrekstur Íslendinga í Kaupmannahöfn, enda ekki seinna að vænna, að festa sig í sessi áður en tilraunatímabilinu lýkur. Útvarp getur á margan hátt komið í stað blaðaútgáfu, framleiðslan er ódýrari auk þess sem vinnslutíminn er mun styttri. I.d. er vinnslutími Nýs Hafnarþósts heill mánuður á meðan útvarp býður t.d. upp á beina útsendingu. Þó þarf útvarpsrekstur síður en svo að útiloka blaðaútgáfu. Bæðir fjölmiðlar eru vel til þess fallnir að rækta og viðhalda íslenskri tungu og bæta hvorn annan upp með ritmáli annars vegar og töluðu máli hins vegar.

Hér er komið kærkomið tækifæri fyrir þá sem hafa gaman af að láta í sér heyra. Og vettvangur fyrir fólk sem hefur gaman af hljóðum. Hægt verður að leika íslenska tónlist, bæði nýja tónlist og eins nostalgiska óma Ellýjar, Hauks og annarra sem fylgt hafa okkur í gegnum barnskuna. Það má hafa viðtöl við fólk og þess vegna erindi. Svo ekki sé minnst á tilkynningar. Það vandamál hefur oft komið upp að auglýsingar hafa ekki náð Nýjum Hafnarþósti. Reyndar höfum við haldið tímaáætlun (!) en svo vill nú til í borginni við Sundið að oft kemur forvitnilegt fólk hér við með engum fyrirvara. Allt í einu er menntamálaráðherra staddur hér í kalfæri eða einhver annar ástmögur þjóðarinnar og þá er ekki hægt að biða í heilan mánuð eftir blaðinu og ákaflega kostnaðarsamt að senda út bréf til allra félaga. Þá er hins vegar ekki mikið mál að koma tilkynningu í Útvarp Kaupmannahöfn.

Í byrjun stefnum við að klukkutíma á viku og standa vonir til að fá tíma upp úr hádegi á sunnudögum við útvarpsstöðina fyrirnefndu "radio Sokkelund". Seinna má stefna herra, lengja sendingartímann og í góðum íslenskum anda má alltaf láta sig dreyma um "eigið".

Nú má geta þess, að nýju íslensku útvarpslögin sem gengu í gildi um sl. áramót opna möguleika fyrir staðbundnum (lokalt) útvarpsstöðvum á Íslandi. Eitt félag hefur fengið sendingarleyfi og ætlar það að byggja dagskrá sína á tónlist og fréttum, líkt og hér gerist á P 3. Útvarp Kaupmannahöfn getur gefið okkur öllum góða reynslu og þegar heim kemur er hægt að veita þjóðinni af viskubrunnum okkar; að það er hægt að gera útvarp með mörgu öðru en bara tónlist og fréttum. Fólk er ekki eins heimskt og margir vilja meina.

Stefnt er að fundi fyrir áhugafólk um útvarpsmál um mánaðamót maí/júní, (sjá dagsskrá) eins mega allir sem áhuga hafa á að vera með í hópstarfi um útvarpsrekstur og dagsskrágerð hafa samband við: Sigrúnu Björnsdóttur (02) 84 80 87 Sigurð Jóhannesson (01) 55 63 33 lok. 6109 (hann er alltaf að heiman)

E.S. & S.B.

kl. 12.15 til 12.45 ísl. tími 13758.0 khz eða 21.80m
kl. 13.00 til 13.30 ísl. tími 9640.0 khz eða 31.10m
kl. 18.55 til 19.45 ísl. tími 9675.0 khz eða 31.00m
kl. 18.55 til 19.45 ísl. tími 5057.5 khz eða 59.32m

Samkvæmt upplýsingum Georgs Franklínssonar í Málmei heyrast fréttautsendingar í hádeginu oft ágætlega en á kvöldin eru hlustunarskilyrði verri. Fyrir kvöldútvarpið er verið að leita að heppi- legri bylgjulengd.